



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

Sóttvarnalæknir

FARSÓTTAFRÉTTIR

3. árg. 12. tölublað. Desember 2007.

EFNI:

Fjölónæmir berklar	bls. 1
www.influenza.is	bls. 1
Æfling á viðbrögðum við heimsfaraldri inflúensu	bls. 2
Listeríusýkingum fer fjölgandi	bls. 2

Ritstjórn

Haraldur Briem sóttvarnalæknir, ábm.

Ása St. Atladóttir
Guðrún Sigmundsdóttir
Sigurlaug Hauksdóttir
Þórólfur Guðnason

Ritstjóri

Jónína M. Guðnadóttir

LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

SÓTTVARNALÆKNIR

Austurströnd 5
170 Seltjarnarnes
Sími: 510 1900
Bréfasími: 510 1920

Netfang: mottaka@landlaeknir.is
Veffang: www.landlaeknir.is

Heimilt er að nota efni þessa fréttabréfs, sé heimildir getið.

FJÖLÓNÆMIR BERKLAR

Í nóvembermánuði síðastliðnum var sjúkl-ingur lagður inn á Landspítala vegna lungnasýkingar. Rannsókn leiddi í ljós að hann var haldinn berklum. Um er að ræða 23 ára gamlan karlmann frá Litháen sem kom til Íslands í janúar 2007. Samkvæmt upplýsingum frá Litháen greindist hann með berkla þar í landi sumarið 2005. Hafin var berklameðferð sem ekki var lokið þegar hann útskrifaðist í mars 2006 og var hann þá enn með virka berkla.


Af ókunnum ástæðum virðist meðferð utan spítala ekki hafa verið lokið. Berklarnir sem sjúkl-ingurinn var haldinn voru ónæmir fyrir mörgum venjulegum berklalyfjum. Líklegt má telja að berklarnir séu nú einnig ónæmir fyrir mörgum af þeim varalyfjum sem tiltæk eru, en beðið er eftir frekari ónæmisprófum. Þótt sjúkl-ingurinn sé enn með virka berkla hefur liðan hans batnað frá því að meðferð hófst.

Miðstöð sóttvarna við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins hefur með höndum að rannsaka það fólk hér á landi sem sjúkl-ingurinn hefur haft samneyti við með það fyrir augum að rekja hugsanlegt smit.

Fjölónæmir berklar eru mikið vandamál í mörgum fyrrum Sovétríkjum, einkum Eystrasaltsríkjunum. Eftir að þau gerðust fullgildir aðilar að Evrópusambandinu (ESB), og þar með EES, þurfa þegar þessara ríkja ekki dvalar- og atvinnuleyfi hér á landi og þurfa því ekki að skila heil-

brigðisvottorði vegna slíkra leyfa. Í Rúmeníu og Búlgaríu eru berklar mjög útbreiddir. Enda þótt þessi ríki hafa gerst aðilar að ESB þurfa þegar þessara ríkja enn sem komið er að sækja um dvalar- og atvinnuleyfi hér á landi og þar með að skila læknisvottorði þar sem gengið er úr skugga um berklasmit.

Af þessu má ráða að ekki eru möguleikar á að rannsaka alla þá sem koma til dvalar og atvinnu hér á landi með tilliti til berkla og annarra sjúkdóma eins og farið er fram á í [verklagsreglum sóttvarnalæknis](#). Nauðsynlegt er að heilsugæslan og sjúkrahús í landinu séu vakandi fyrir berklum hjá þeim sem koma frá áðurnefndum ríkjum og til þeirra leita vegna einkenna frá loftvegum. Áður hefur verið fjallað um berkla meðal innflytjenda í [Farsóttafréttum](#) í [júli-ágúst 2007](#) og [desember 2006](#).



Rafeindasmásjármynd af berklabakteríum.

WWW.INFLUENZA.IS

Hinn 7. desember sl. var opnaður vefurinn www.influenza.is. Vefurinn er samstarfsverkefni sóttvarnalæknis, Umhverfisstofnunar, Landbúnaðarstofnunar og almannavarnadeildar Ríkislögreglustjóra. Hann birtir fræðslufni og fréttir um árlega inflúensu, fuglainflúensu og heimsfaraldur inflúensu. Var hann opnaður nú til að nýtast sem stöðtæki á æfingu á viðbrögðum í heimsfaraldri (sjá bls. 2). Vefnum verður framvegis viðhaldið í samvinnu áðurnefndra stofnana, en ritstjórn hans og umsýsla verður hjá Landlæknisembættinu.

Berklarnir sem sjúklíngurinn var haldinn voru ónæmir fyrir mörgum venjulegum berklalyffjum.

Matvæli sem tengjast listeríusýkingum eru mjúkir og ógerilsneyddir ostar, hrár fiskur og unnar kjötafurðir, s.s. niðursneyddur kalkúnn og kæfa.

ÆFING Á VIÐBRÖGÐUM VIÐ HEIMSFARALDRI INFLÚENSU

Hinn 10. desember 2007 var haldin æfing um viðbrögð við heimsfaraldri influensu í Samhæfingarstöð almannavarna við Skógarhlíð undir stjórn sóttvarnalæknis og Ríkislögreglustjóra. Æfð voru drög að landsáætlun sem sóttvarnalæknir og almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra hafa unnið í sameiningu.

Landinu hefur verið skipt í 15 sóttvarna-umdæmi sem eru í samræmi við lögreglu-umdæmi landsins. Sóttvarnalæknar umdæmanna og lögreglustjórar umdæma mynda aðgerðarstjórn fyrir hvert sóttvarnaumdæmi. Tilgangur æfingarinnar var að æfa samskipti sóttvarnalæknis og almannavarnadeildar Ríkislögreglustjóra við æðstu yfirstjórn landsins, aðgerðastjórnirnar 15, Landspítala og Sjúkrahúsið á Akureyri.

Sett var á svið atburðarrás sem svipaði mjög til spænsku veikinnar 1918 og olli miklum skaða hér á landi sem annars staðar. Gert var ráð fyrir að heimsfaraldurinn gengi yfir á 12 vikum og fréttainnskot Ríkisútvarpsins voru spilud á klukkutíma fresti þar sem útbreiðslu influensunnar, afleiðingum hennar og aðgerðum gegn henni var lýst. Mismunandi verkefni voru leyst á óvissustigi, hættustigi og

neyðarstigi almannavarna. Aðgerðir miðuðu að því að hindra að veikin bærist hingað til lands, hún dreifðist um landið, að lækna og líkna sjúkum og að halda uppi nauðsynlegri þjónustu innanlands.

Æfingin stóð yfir í 9 klst. og að henni lokinni héldu þátttakendur fundi til að meta árangur æfingarinnar. Æfingin gekk mjög vel og er óhætt að segja að mikinn lærdóm má draga af henni, sem mun nýtast við gerð viðbragðsáætlana í framtíðinni.



Landinu hefur verið skipt í fimmtán sóttvarnaumdæmi. Smellið á myndina til að skoða stærra kort.

LISTERÍUSÝKINGUM FER FJÖLGANDI

Frá miðjum október þar til í desemberbyrjun á þessu ári hafa greinst fjögur tilfelli *Listeria monocytogenes* á sýkladeild Landspítalans. Þeir sem urðu fyrir sýkingu eru allir búsettir á höfuðborgarsvæðinu og eru á aldrinum 58–85 ára. Á síðastliðnum 10 árum hafa greinst samtals fjögur tilfelli af listeríu hérlandis og er þetta því greinileg aukning tilfella. Uppruni sýkingarinnar er óþekktur, en sóttvarnalæknir hefur hafið rannsókn á málinu.

Smitleið *Listeria monocytogenes* er með matvælum. Helstu matvæli sem tengjast listeríusýkingum eru mjúkir og ógerilsneyddir ostar, hrár fiskur, einkum kaldreyktur, og grafinn lax, svo og unnar kjötafurðir eins og niðursneyddur kalkúnn og kæfa. Matvælin geta mengast hvar sem er í framleiðsluferlinu. Bakterían drepst við hitameðhöndlun (suðu og steikingu).

Listeria monocytogenes veldur nánast aldrei sjúkdómi hjá fullfrísku ungu fólki þrátt fyrir neyslu matvæla sem eru menguð með bakteríunni. Það sem helst eykur hættu á sýkingu er hár aldur, áfengisneysla og ónæmisskerðing (t.d. einstaklingar í ónæmisbælandi meðferð vegna krabbameins eða langvinnra sjúkdóma). Nýfædd börn og fóstur í móðurkviði eru einnig í aukinni hættu, móðirin fær einungis væg einkenni en sýkingin getur leitt til alvarlegra sýkinga hjá barninu eða fóstrinu. Alvarlegar sýkingar af völdum *Listeria monocytogenes* eru blóðsýking og heilahimnubólga.

Meðgöngutími sýkingarinnar, þ.e. tíminn sem líður frá smiti til sjúkdómseinkenna, er að meðaltali þrjár vikur en getur verið allt frá 3–70 dagar.